

DAGBÓK

Í dag er miðvikudagur 4. febrúar, 35. dagur ársins 2004. Orð dagsins: Takið því hver annan að yður, eins og Kristur tók yður að sér, Guði til dýrðar.

(Rm. 15, 7.)

Fréttir

Meðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Skrifstofa s. 551 4349, mataraðstoð kl. 14–17.

Mannamót

Aflagrandi 40. Kl. 9 vinnustofa og postulín, kl. 13 postulín, kl. 13.30 leshringur.

Árskógar 4. Kl. 9–12 handavinna, kl. 10.30–11.30 heilsugæsla, kl. 13–16.30 smíðar og handavinna, kl. 13 spil.

Bólstaðarhlíð 43. Kl. 9–12 glerlist, kl. 9–16 handavinna, kl. 10–10.30 bankinn, kl. 13–16.30 bridge/víst, kl. 13–16 glerlist. Þingó á morgun kl. 13.30, dansað eftir tónlist af geisladiskum, eftir þingó. Nokkur pláss laus í glerlist.

Félagsstarfið, Dalbraut 18–20. Kl. 10 leikfimi, kl. 14.30 bankinn, kl. 14.40 ferð í Bónus.

Félagsstarfið Dalbraut 27. Kl. 8–16 handavinnustofan, kl. 10–13 verslunin, kl. 13.30 bankinn, kl. 11–11.30 leikfimi.

Félagsstarfið, Hæðargarði 31. Postulínsmálun og leirmótun kl. 9–16.30.

Félagsstarfið, Löngu- hlíð 3. Kl. 9.30 hjúkrunarfræðingur, kl. 10–12 verslunin, kl. 13 föndur og handavinna. Kl. 10 guðspjónusta.

Félagsstarf aldraðra, Garðabæ. Stóla-leikfimi kl. 9.30, kvenna-leikfimi kl. 10.20 og 11.15, handavinnuhorn og bridge-námskeið kl. 13, trésmíði kl. 13.30.

Félag eldri borgara Kópavogi. Skrifstofan opin í dag frá kl. 10–11.30, viðtalstími í Gjabakka kl. 15–16.

Félag eldri borgara, Hafnarfirði, Hraunseli, opnað kl. 9, myndmennt kl. 10–16, línudans kl. 11, gler-skurður kl. 13, píukast kl. 13.30, billjardsalurinn opin til kl. 16.

Félag eldri borgara, Reykjavík, Ásgarði. Söngfélag FEB kóræfing kl. 17. Línudanskennsla kl. 19.15.

Gerðuberg, félagssstarf, 9–16.30 vinnustofur opnar, kl. 10.30 gamlir leikir og dansar og sund- og leikfímiafingar í Breiðhóltslaug, kl. 12.30 koma börn úr Ártúnskóla með leik og söng, kl. 13.30 kóræfing.

Gjabakki, Fannborg 8. Kl. 9–17 handavinna, kl. 9.30 boccia, kl. 9.30 og kl. 13 glerlist, kl. 13 félagsvist, kl. 16 hringdansar, kl. 17 bobb. Kl. 15.15 söngur

Guðrún Lilja mætir með gítarinn.

Gullsmári, Gullsmára 13. Kl. 9 veinaður, kl. 10 ganga, kl. 11 handavinnustofan opin.

Hraunbær 105. Kl. 9 handavinna, útskurður og banki, kl. 13 brids.

Hvassaleiti 58–60. Kl. 9–15 handmennt, kl. 9–10 og kl. 10–11 jóga, kl. 15–18 myndlist.

Korpúlpar Grafarvogi. Á morgun þútt á Korpúlfsstöðum kl. 10.

Norðurbrún 1. Kl. 9–16.45 vinnustofa, kl. 13–13.30 bankinn, kl. 14 félagsvist.

Vesturgata 7. Kl. 8.25–10.30 sund, kl. 10–11.30 ganga, kl. 9.15–16 myndmennt, kl. 12.15–14.30 verslunarferð, kl. 13–14 spurt og spjallað, kl. 13–16 tréskurður.

Vitatorg, Kl. 8.45 smíðja, kl. 10 búta-saumur, bókband, kl. 13 föndur og kóræfing, kl. 12.30 verslunarferð.

Þjónustumiðstöðin, Sléttuvegi 11. Kl. 10–12 verslunin opin, kl. 13–16 keramik, taulmálun, föndur, kl. 15 bókabíllinn.

Bókmenntaklúbbur Hana-nú. Fundur í kvöld á Bókasafni Kópavogs kl. 20. Verið er að lesa verk skáldsins SJÓN.

Vinahjálpi, brids spilað á Hótel Sögu í dag kl. 13.30.

Hafnargönguhópurinn. Kvöldganga kl. 20. Lagt af stað frá horni Hafnarhúsins.

Sjálfsbjörg, Hátúni 12, kl. 19.30 Félagsvist.

MR-49. Fundur í dag á Grand hóteli kl. 16, vegna Ítalíuferðarinnar.

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík. Aðalfundurinn verður á morgun kl. 20, í Safnaðarheimilinu Laufásvegi 13.

Félag kennara á eftirlaunum, skákhópurinn í dag kl. 14, fundur bókmenntahóps fimmtud. 5. febrúar kl. 14. Fyrsti fræðslu- og skemmtifundurinn verður laugard. 7. feb. í Húnabúð, kl. 13.30. Ræðumaður Þuríður Kristjánsdóttir, fyrrverandi prófessor.

Kvenfélag Hallgrímskirkju. Félagssfundur verður fimmtud. 5. febrúar kl. 20. Gestur fundarins Ingólfur Hartvígsson. Jóhanna Möller verður með upplestur.

VELVAKANDI

Svarað í síma 569 1100 frá 10-12 og 13-15 • Netfang velvakandi@mbl.is

Kambanesskriður – Kambanes

ÉG las í Morgunblaðinu sl. fimmtudag frétt á bls. 4 þar sem segir frá vöruflutningabíl sem fór út af í Kambanesskriðum. Mig langar til að leiðrétta þetta örnefni. Á þessu nesi eru nokkrir bergdranga (klettar yfirleitt frekar lágir en langir) sem heita einu nafni Kambanar. Við þessa bergdranga er nesið kennt og heitir Kambanes. Sömualeiðis eru skriðurnar kenndar líka við þessa bergdranga og heita Kambaskriður, ekki Kambanesskriður. Þarna eru fleiri örnefni sem eru kennd við þessa kamba t.d. röstin austur úr nesinu sem heitir Kambaröst og þá má geta þess að Stöðfirðingar hafa sl. 50 ára átt fiskiskip með nafninu Kambaröst.

Víkin sunnan á nesinu heitir Kambavík þannig að þetta er allt kennt við þessa kamba.

Á þessu nesi eru tvær jarðir, önnur heitir Kambar og hin heitir Heyklif.

Baldur Pálsson.

Síróp frá Karo

PANNIG er mál með vexti að ég geri töluvert af því að baka og meðal upphálds-uppskrifta minna er amerísk peacan-hnetubaka (peacan pie). Í uppskriftinni á að vera síróp frá Karo (pancake corn syrup) og fékkst það lengi vel bæði í Hagkaupum og Nóatúni. Núna er Karo-sírópið hins vegar horfið úr hillunum og ég í öngum mínum ... Ég hef nefnilega prófað flestar ef ekki allar þær sírópstegundir sem til eru hérlandis, en árangurinn lætur á sér

standa; bakan verður allt öðruvísi á bragðið. Ég er búin að dreifa uppskriftinni minni víða og því margar aðrar konur sem eiga í sömu vandræðunum og ég.

Ég lýsi hér með eftir sírópinu!

Er það til í einhverri verslun á Íslandi? Og/eda; af hverju var hætt að selja það?

Bryndís.

Tapað/fundið

Hefur einhver fundið breitt silfurarmband?

BREITT silfurarmband tapaðist föstudagskvöldið 23. janúar sl. í miðbæ Reykjavíkur, líklega á Vínarnum við Kirkjuholvaða í Lækjargötu.

Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 695-3105.

Dýrahald

Hafið þið séð hana Fífu?

FÍFA á heima í Djúahlíð á Kjalarnesi og hvarf að heiman í síðustu viku. Við erum búin að leita að henni á næstu bæjum og höfum spurt eftir henni mjög víða. Fífa er tik, svört og hvít, afar gæf og lítil í sér – hún er 4.5 ári. Hún er blanda af border-collie og íslensku hundakyni. Hún er skynsöm og gæltir lítið sem ekki neitt. Ef sagt er við hana sæl þá heilsar hún og liggja þá leggst hún. Henni er sárt saknað enda hefur hún aldrei farið svona að heiman áður og biðjum við alla þá sem orðið hafa hennar varir að hafa samband í síma 566-6002 eða 822-6750.

Morgunblaðið
Krossgáta

LÁRÉTT

1 grasgeiri, 4 kvendýr, 7 formar, 8 meidum, 9 rödd, 11 beitu, 13 trylltar, 14 sköp, 15 sjávardýr, 17 boli, 20 ótta, 22 lágfótan, 23 fangbrögð, 24 kvarta undan, 25 ákveð.

LÓDRÉTT


1 áflog, 2 reikningurinn, 3 sjá eftir, 4 næðing, 5 líkamshlutinn, 6 sár, 10 lítillfjörleg, 12 afbrot, 13 skelfing, 15 snauð, 16 svefnhöfði, 18 ávinnur sér, 19 dregið, 20 elska, 21 getraun.

LAUSN SÍÐUSTU KROSSGÁTU

Lárétt: 1 bandólmur, 8 farið, 9 kuldí, 10 lok, 11 riðla, 13 afnám, 15 steffs, 18 illar, 21 puð, 22 lognu, 23 netti, 24 hannyrðir.

Lódrétt: 2 afréð, 3 daðla, 4 lokka, 5 uglan, 6 æfar, 7 fimm, 12 lof, 14 fól, 15 soll, 16 eigna, 17 spurn, 18 iðnar, 19 látni, 20 reif.


Hægt er að kaupa 10 krossgátur á 600 kr. á mbl.is. Síðin er: <http://www.mbl.is/mm/folk/krossgata/index.html>



Víkverji skrifar...

Víkverji hefur ekki enn séð umtal- aða sýningu Ólafs Eliassonar, Frostvirkni, í Hafnarhúsinu en hann átti hins vegar nýlega leið um Tate Modern-safnið við Thames-ána í London, þar sem „Verkefnið um veðrið“ er enn í gangi. Víkverji hefur til þessa ekki talist til listhneigðustu manna, og er það viðburður þegar hann fer á myndlistarsýningu, en það verður að segjast alveg eins og er að heimsóknin í Tate Modern var ógleymanleg. Þvílík upplifun!

Það var eins og að stíga inn í annan veruleika að sjá sólina hans Ólafs birtast í þessum gríðarstóra túrbínusal safnsins. Og Víkverji var svo sannarlega ekki einn á ferð. Þarna, á miðjum virkum degi, var mikill mannfjöldi samankominn og bresk skólaláberandi í fylgd kennara sinna. Einn hópurinn hafði t.a.m. komið sér fyrir á teppum úti við einn vegginn að snæða nesti sitt á meðan skrifað var um verkid og spekulerað. Einnig voru þarna ferðamenn frá ýmsum heims- hornum og ekki annað að sjá en að allir hrifust af því sem fyrir augu bar. Lögðust margir í gólfid til að spegla sig í lofti túrbínusalarins,



Hvað er svona danskt við eftirnafnið Eliasson?

ekki sist ungt og ástfangið fólk, en flestir stóðu bara og horfðu hugfangnir mót sólinni. Með þokunni í salnum (sem þartilgerð tæki framkölleðu), sólinni og sérstakri birtu sem af henni stafaði sköpuðust þannig aðstæður að Víkverja fannst eins og hann væri staddur á miðju söguviði vísindaskáldsögu, þar sem jarðarbiar biðu þess að geimskip lenti eða annað þaðan af meira framandi gerðist. Enginn var þó

með skelfingarsvip heldur mátti fyrst og fremst sjá aðáðunar- og undrunarsvip á andliti fólks.

Það er engin furða að þessi sýning Ólafs hefur vakið mikla athygli og kæmi Víkverja ekki á óvart að sólin fengi að skína lengur en upphaflega var ætlunin. Hún hefur lað að til sín á aðra milljón manna og safnið hlýtur að njóta góðs af því í verslunum sínum og hliðarsölum.

Hið eina sem skyggði á upplifun og ánægju Víkverja var að á stóru veggspjaldi var hins íslenska upp- runa listamannsins hvergi getið og nánast falið í sýningarskrá að hann zetti íslenska foreldra. „Born in Denmark“ stóð alls staðar og var ekki laust við að þetta kæmi eillitið við þjóðarstoltið. Því greip Víkverji tækifærið fegins hendi þegar hann, ásamt kunningja sínum, var beðinn að tjá sig um sýninguna í litla bók sem ungar listnemandi gekk með á milli gesta. Að sjálfsögðu skrifaði Víkverji að hann hefði verið afskaplega hrifinn af sýningu „Íslendingsins“ Ólafs Eliassonar. Hann mátti meira að segja skrifa í bókina á móðurmáli sínu því nemandinn sagðist vera með Dana í bekk sem áreiðanlega skildi íslensku!

Ferdinand



STAKSTEINAR

Tannlæknum er bannað að auglýsa verðskrá

●●●●

Samkeppnisstofnun hefur beint því til tannlækna að þeir hafi gjaldskrá sýnilega viðskiptavinum. „Samkvæmt samkeppnislögum ber tannlæknum að hafa uppi gjaldskrá, bæði inni á tannlæknastofu sem og útdrátt á biðstofu þar sem greint er frá verði á helstu gjaldliðum. Þetta er algjört skilyrði fyrir því að verðlagning geti verið frjáls. Samkeppni byggir m.a. á því sem kallað er gagnsæi markaðarins,“ segir í umfjöllun Samkeppnisstofnunar.

●●●●

Þessi ábending er gefin út eftir að Samkeppnisstofnun gerði verðkönnun hjá tannlæknum. Í henni kemur fram að mikill verðmunur er á milli einstakra tannlækna á þeim gjaldskrárlíðum sem könnunin náði til. Reyndist munurinn á lægsta og hæsta verði á einstökum gjaldskrárlíðum vera frá 100% og upp í 650%.

●●●●

Það er ekki óeðlilegt að verð fyrir sam- bærliga þjónustu sé mis- jafnt þegar verðlagning er frjáls. Margar for- sendur liggja að baki ákvörðun um verð sem væntanlegir kaupendur meta eftir sínum eigin mælikvörðum. Þess vegna er það rétt ábending að fólk verður að geta kynnt sér gjaldskrá á einfaldan hátt. Það fer ekki saman frjáls verðlagning og pukur.

●●●●

Samkeppnisstofnun hefði af þeim sökum líka átt að benda á að tannlæknum er óheimilt að auglýsa þjónustu sína samkvæmt lögum um tannlækningar frá árinu 1985. Í 11. grein segir: „Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlækna.“ Þetta er síðan útfært enn betur í reglum tannlækna um auglýsingar þar sem meðal annars segir að þegar „tannlæknir hefur störf á tannlæknastofu eða flytur starfsemi sína má hann auglýsa í blöðum og þrisvar sinnum. Aðrar auglýsingar eru ekki leyfðar.“ Auglýsingarnar þrjár mega þó ekki vera stærri en tveggja dálka og 5 cm á hæð.

●●●●

Þetta fer klárlega ekki saman. Ef fólkíð í landinu á að geta kynnt sér gjaldskrá tannlækna verða þeir að hafa svigrúm til að koma þeim upplýsingum á framfæri. Umtalsverðar fjárhæðir fara í tannlækningar hjá fjölskyldum ár hvert. Frjáls verðlagning er af hinum góða en til þess að þeir tannlækna, sem verðleggja þjónustu sína í hófi, fái að njóta þess í auknum viðskiptum verða þeir að geta upplýst fólk um verð þjónustunnar. Það er bæði hagur tannlækna og viðskiptavina þeirra.